

Sp.

171. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afstöðu til frumvarpsins. Allar tillögur um breytingar á gjaldabálki frv. eru þó fluttar af nefndinni sameiginlega, en fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins lýstu sig andvíga breytingartillögum við tekjuáætlun frv., og varðandi einstaka liði í hinum sameiginlegu tillögum nefndarinnar áskildu þessir nefndarmenn sér rétt til að flytja eða styðja breytingartillögur, sem fram kunna að koma.

Fjárlagafrv. var vísað til nefndarinnar 26. okt., en strax 19. okt. hóf nefndin athugun á frv. og hefur haldið 28 fundi um málið, auk margvíslegra athugana utan funda, tekið til meðferðar á fjórða hundrað erindi frá ráðuneytum, ríkisstofnunum, félögum og einstaklingum og rætt við forstöðumenn allra helztu ríkisstofnana. Var lagt kapp á að hraða athugun málsins svo, að fjárlög gætu orðið endanlega afgreidd fyrir áramót.

Með stöðvun verðbólguþróunarinnar skapast ný viðhorf við afgreiðslu fjárlaga. Jafnvægi í viðskiptum við útlönd takmarkar óhjákvæmilega innflutninginn og þar af leiðandi tolltekjur ríkissjóðs, og stöðvun víxlhækkana kaupgjalds og verðlags stöðvar hina óeðlilegu aukningu ríkistekna, sem verið hefur mörg undanfarin ár. Vegna þessa jafnvægis í efnahagsmálum, sem nú er að verða, er aukningu ríkisútgjalda mjög þröngur stakkur skorinn án nýrra skatta, ef afgreiða á fjárlög greiðsluhallalaus.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1960 benti meiri hluti fjárveitinganefndar á það í nefndarálitinu sínu, að þar sem með efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar væri stefnt að fjármálalegu jafnvægi í þjóðfélaginu, bæri brýna nauðsyn til þess að taka alla þætti ríkisútgjalda til gaumgæfilegrar athugunar og gæta þess vandlega, að útpensla í ríkisútgjöldum leiddi ekki til verðbólgu. Væri það því skoðun meiri hl. n., að við undirbúning næstu fjárlaga yrði að framkvæma slíka heildarathugun ríkisútgjalda og gera allar tiltækilegar ráðstafanir til sparnaðar.

Líklegt má telja, að útgjöld ríkissjóðs 1961 hækki um 85—90 millj. kr. frá fjárlögum ársins 1960. Í því sambandi ber þess að gæta, að um 55 millj. af þeirri hækku stafa af efnahagsaðgerðunum á þessu ári. Er meginhluti þeirrar fjárhæðar hækku fjölskyldubóta og annarra bóta almannatrygginga, sem gilda allt árið 1961. Þegar þessi hækku er frá skilin, þá er útgjaldahækkunin aðeins um 2% af heildarupphæð fjárlaga 1960, og ætti sú hækku örugglega að vera innan þeirra marka, er fá staðizt, þegar jafnvægi er í efnahagskerfinu.

Vegna minnkandi innflutnings, einkum hátollavara, er sýnt, að eigi þess að vera nokkur von, að ríkisbúskapurinn verði hallalaus á næsta ári, er ekki auðið að skerða núverandi tekjustofna ríkissjóðs.

Nefndinni er það ljóst, að sökum fjárskorts er ekki auðið að sinna sem skyldi margvíslegum nauðsynlegum umbótamálum. En svo að þess væri nokkur kostur að afgreiða greiðsluhallalaus fjárlög, sem er óhjákvæmilegur þáttur hinnar efnahagslegu viðreisnar, hefur t. d. ekki verið auðið að hækka framlög til svokallaðra verklegra framkvæmda, sem þó væri vissulega mikil nauðsyn.

Fjárlagafrv. nú ber þess ótvíræð merki, að lögð hefur verið áherzla á að draga eftir föngum úr ýmsum rekstrarútgjöldum ríkissjóðs og spyrna fæti við allri útbenslu í ríkiskerfinu. Hefur nefndin í tillögum sínum fylgt sömu stefnu.

Fjármálaráðherra skýrði frá því í framsöguræðu sinni með fjárlagafrumv., að unnið hefði verið á þessu ári að margvíslegum athugunum á ýmsum þáttum ríkiskerfisins til þess að reyna með skipulagsbreytingum og aukinni hagkvæmni í vinnubrögðum að spara útgjöld ríkissjóðs. Meiri hluti n. telur hér stefnt í rétta átt og væntir þess, að ekkert tækifæri verði látið ónotað til þess að draga úr rekstrarútgjöldum ríkissjóðs.

Meiri hl. n. gerir ekki neinar ákveðnar tillögur um niðurskurð útgjalda ríkissjóðs umfram þær lækkanir, sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, enda hefur reynslan ætíð sýnt, að niðurskurður útgjalda er óraunhæfur, nema samtímis séu gerðar nauðsynlegar skipulagsbreytingar, og slíkom breytingum verður sjaldnast við komið án rækilegra athugana og undirbúnings. Meiri hl. nefndarinnar telur því rétt að benda á nokkur atriði, sem ætti nú þegar að taka til athugunar eða hraða athugun á, þannig að niðurstöður gætu legið fyrir við undirbúning næstu fjárlaga. Er hér auðvitað ekki um neina tæmandi upptalningu að ræða, en meiri hl. n. beinir þeim tilmælum til ríkisstjórnarinnar, að hún m. a. láti rannsaka, hvort ekki sé hægt að gera eftirtaldir ráðstafanir til þess að draga úr ríkisútgjöldum:

1. Að fækka enn sendiráðum Íslands erlendis, t. d. leggja niður tvö sendiráð á Norðurlöndum, og jafnvel lækka launagreiðslur til sendiherra og annarra starfsmanna sendiráðanna.

2. Að draga úr opinberum veizluhöldum. Reglur munu þegar hafa verið settar til að takmarka þessi útgjöld, en vert er að athuga, hvort eigi sé hægt að gæta enn meira hófs í því efni.

3. Að takmarka, svo sem auðið er, tölu sendimanna á alþjóðaráðstefnur og fjölda slíkra ferða, svo og tölu fulltrúa í viðskiptasendinefndum.

4. Að fækka löggæzlumönnum á Keflavíkurflugvelli.

5. Að fela seðlabankanum, ríkisendurskoðuninni eða öðrum hliðstæðum aðila án sérstaks endurgjalds eftirlit með sparissjóðum og opinberum sjóðum.

6. Að fækka bifreiðum ríkis og ríkisstofnana og reyna jafnframt að tryggja það, að bifreiðar þessar séu ekki notaðar til einkaþarfa viðkomandi starfsmanna.

7. Að leita, þar sem við verður komið, tilboða í verk, sem ríkið þarf að láta framkvæma.

8. Að sameina öryggiseftirlit og skipaskoðun ríkisins.

9. Að athuga skipulag tollgæzlu utan Reykjavíkur og hvort eigi muni hagkvæmt að sameina meir en nú er gert tollgæzlu og löggæzlu.

10. Að fela iðnaðardeild atvinnudeildar háskólans matvæla- og mjólkureftirlit.

11. Að auka og bæta vélakost framkvæmdastofnana ríkisins.

12. Að leita úrræða til að auka eða að minnsta kosti að tryggja tekjur Keflavíkurflugvallar, eða að öðrum kosti að draga úr rekstrarkostnaði flugvallarins.

13. Að athuga, hvort eigi sé hagkvæmt að sameina bifreiðaeftirlitið lögreglunni á hverjum stað.

14. Að endurskoða lög um skipun prestakalla með stækkun þeirra fyrir augum.

15. Að draga úr framlögum til ýmissa sérþinga, sem ríkissjóður er látinn bera allan kostnað af.

16. Að selja allar ríkisjarðir, sem ekki eru embættisbústaðir eða nauðsynlegar ríkinu vegna annarrar starfsemi þess.

17. Að koma á betra eftirliti með undirbúningi og framkvæmd skólabygginga og taka að öðru leyti til rækilegrar athugunar, hvort eigi sé auðið að draga úr útgjöldum við fræðslukerfið í heild.

18. Að endurskoða gildandi ákvæði um embættisbústaði og athuga í því sambandi m. a., hvort eigi sé hægt að komast af án sérstakra embættisbústaða í stærstu kaupstöðum landsins.

19. Að athuga, hvort eigi sé auðið að fella niður ýmsa styrki í 14. gr. B. fjárlaga.

20. Að athuga, hvort eigi sé auðið að fækka tilraunastöðvum í landbúnaði og samræma starfsemi þeirra.

21. Að sameina skógrækt og sandgræðslu.

22. Að breyta lögum um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna á þann hátt, að hægt sé að losna við sérstök eftirlaunaframlög í fjárlögum.

23. Að gera um það áætlun, hvernig losna megi í áföngum við hin miklu útgjöld ríkissjóðs til niðurgreiðslna á vöruverði.

Liðum þessum er ekki raðað eftir mikilvægi þeirra, heldur eftir röð viðkomandi mála í fjárlögum. Ekki eru heldur talin þau atriði, sem fjármálaráðherra hefur skýrt frá, að þegar væru komin í framkvæmd eða vænta mætti ákveðinna tillagna um alveg á næstunni.

Hér á eftir verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir breytingartillögum nefndarinnar við fjárlagafrumv.

Um 3. gr.

Felld höfðu verið niður í fjárlagafrumv. framlög til fyrningarsjóðs pósts og síma. Sjóðurinn hefur staðið strau af kostnaði við ýmsar óhjákvæmilegar framkvæmdir stofnunarinnar og því ógerlegt að fella niður framlög til hans. Á móti eru afnotagjöld hækkuð um 500 þús. kr. vegna fjölgunar notenda og tveir útgjalda-liðir lækkaðir um 750 þús. kr., svo að breytingin veldur engri hækkun á niðurstöðutölum.

Um 10. gr.

Sendiráðið í Kaupmannahöfn og aðalræðismannsskrifstofan í New York hækka um samtals 56 þús. kr. vegna vanáætlunar á öðrum kostnaði.

Sendiráðið í Stokkhólmi hækkar um rúmar 104 þús. kr. Laun sendiráðsritara voru við það miðuð, að hann væri ókvæntur, en fjölskyldumaður tekur nú við þessu starfi. Á móti þessari hækkun kemur, að laun við sendiráðið í París lækka

um rúmar 132 þús. kr., þar eð hinn fyrri sendiráðsritari í Stokkhólmi verður nú fluttur þangað. Annar kostnaður við sendiráðið í París hækkar um 63 þús. vegna vanáætlunar.

Í frumv. er gert ráð fyrir að fækka um einn sendiráðsritara í London. Utanríkisráðuneytið telur að sinni ekki auðið að finna annað starf fyrir mann þennan og því ekki öruggt, að breytingin geti komið til framkvæmda á næsta ári. Samkvæmt ósk ráðuneytisins eru því aftur tekin inn laun sendiráðsritara, en nefndin leggur áherzlu á, að fækkað verði um sendiráðsritara í London, strax og auðið er.

Keypt voru á þessu ári húsgögn í sendiherrabústaðinn í Washington. Er óhjákvæmilegt að hækka annan kostnað við sendiráðið um 472 þús. kr. af þessum sökum.

Samkvæmt nýrri fjárhagsáætlun Sameinuðu þjóðanna er gert ráð fyrir 4 millj. dollara hærri útgjöldum stofnunarinnar á næsta ári en í ár. Hluttur Íslands er 0.04%. Má því gera ráð fyrir, að framlag Íslands hækki um 40 þús. kr.

Lagt er til að veita jafnvirði 2 þús. franskra franka sem stofnframlag til menningarsjóðs Evrópuráðsins. Hér er um að ræða smávægilega greiðslu í eitt skipti fyrir öll, en Ísland hefur þegar haft allmikið gagn af starfsemi Evrópuráðsins á þessu sviði, m. a. vegna þátttöku í námskeiðum í ýmsum greinum, sem Evrópuráðið hefur kostað, og loks hefur Evrópuráðið lagt fram myndarlega fjárhæð til þess að kosta útgáfu íslenskra smásagna á ensku.

Um 11. gr.

Skrifstofur borgarfélagans í Reykjavík hafa af mikilli nauðsyn verið fluttar í önnur húsakynni. Kostnaður við þessa breytingu er um 80 þús. kr., og er lagt til, að fjárveiting til embættisins hækki í þetta sinn um þá upphæð.

Lagt er til, að framlag til löggæzlu í Vestmannaeyjum á vetrarvertíð hækki um 70 þús. kr., en til Vestmannaeyja safnast á vertíð meiri fjöldi aðkomufólks en í nokkra aðra verstöð á landinu, og hefur kostnaður bæjarins við löggæzlu þessa verið tilfinnanlegur.

Um 12. gr.

Vegna hækkunar á launum námskandidata fyrir vaktavinnu og næturálags á vinnu hjúkrunarnema er óumflýjanlegt að hækka launalið landsspítalans um 164 þús. kr. og fæðingardeildar um 64900 kr.

Áður hefur verið veitt fé til kaupa á röntgenvélum og tilheyrandi tækjum fyrir Vífilsstaðahæli. Keypt hafa verið tæki af fullkomnari gerð en upphaflega var gert ráð fyrir. Vantar því enn 400 þús. kr. til kaupa á röntgentækjunum og framköllunartæki, og er lagt til, að sú upphæð verði veitt.

Vangoldin framlög ríkissjóðs til heilbrigðisstofnana í Reykjavík munu nú nema um 10 millj. kr. og til sjúkrahúsabygginga annars staðar á landinu um 5 millj. kr. Hafa þessar upphæðir farið hækkaði, enda mjög lítil hækking orðið á framlögum ríkissjóðs til þessara framkvæmda undanfarin ár. Lagt er til að hækka fjárveitingu til sjúkrahúsabygginga og heilbrigðisstofnana í Reykjavík um 1. millj. kr. og sameina þessa tvo liði í frumv., þar eð ástæðulaust er að halda þeim aðgreindum.

Í fjárlögum 1960 voru veittar 100 þús. kr. til Náttúrulækningafélags Íslands vegna byggingar heilsuhælis félagsins í Hveragerði. Hæli þetta er viðurkennt af heilbrigðisstjórninni. Er lagt til, að veitt verði sama upphæð til hælisyggingarinnar á næsta ári.

Um 13. gr.

Lagt er til að veita 4.3 millj. kr. vegna vegagerðar á Mýrdalssandi. Í fjárlögum yfirstandandi árs var ríkisstjórninni heimilað að verja allt að 6 millj. kr. til þessara framkvæmda. Var fjárveitingin höfð í heimildarformi, þar eð óvíst var,

hvort í verkið yrði ráðizt í sumar eða beðið til næsta sumars. Viðgerðin á veginum yfir Mýrdalssand var framkvæmd í sumar og kostaði um 4.3 millj. kr. Er lagt til, að sú upphæð verði veitt í fjárlögum ársins 1961, þar eð ekki eru líkur til, að neitt fé verði afgangi á þessu ári til að mæta slíkri umframgreiðslu.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til fjallvega um 75 þús. kr.

Fjárveiting til hafnargerða hækkar um 95 þús. kr. frá þessa árs fjárlögum. Lagt er til að hækka framlag til hafnabótasjóðs um 1.5 millj. kr. vegna Akraneshafnar, en sú höfn varð fyrir þungu áfalli vegna gengisbreytingarinnar. Var sama aukafjárveiting veitt til Akraneshafnar á þessu ári. Vangoldið framlag ríkissjóðs til Akraneshafnar skiptir enn milljónum króna, þannig að hér er aðeins um það að ræða að hraða greiðslu á lögboðnu framlagi ríkissjóðs.

Olíukynding hefur verið sett í dýpkunarskipið Gretti, sem var mikil nauðsyn og mun lækka verulega rekstrarkostnað skipsins. Þessi framkvæmd kostaði um 800 þús. kr. Lagt er til að skipta þessari upphæð á þrjú ár og veita 250 þús. kr. nú.

Lagt er til að hækka um 50 þús. kr. styrki til námsmanna í flugi og starfsemi áhugamanna.

Við endurskoðun á áætlunum um kostnað við alþjóðaflugþjónustuna hefur komið í ljós, að kostnaður er vanáætlaður um rúmar 2.6 millj. kr. Hluti Íslands af þeirri upphæð er 438866 kr. Þá verður að hækka framlag til veðurþjónustu á Grænlandi um 666 þús. kr. Hækkunir þessar stafa bæði af sæsímaleigum og hækkaðri hlutfallstölu Íslands í millilandaflugi.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til Ferðaskrifstofu ríkisins um 200 þús. kr. vegna aðildar ferðaskrifstofunnar að landkynningarskrifstofum hinna Norðurlandanna í Mið- og Suður-Evrópu. Er gert ráð fyrir, að Ísland greiði 5% af þessum kostnaði. Ályktun um mál þetta var gerð á fundi Norðurlandaráðs í Reykjavík í sumar.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til stýrimannaskólans um 32 þús. kr. vegna vanáætlunar. Hækkunin er færð á annan kostnað, en á í framkvæmd að deilast á fleiri liði.

Um 14. gr. A.

Vegna fjölgunar nemenda í tannlækningum og aukins kostnaðar er óumflýjanlegt að hækka framlag til tannlækninga við háskólann um 115 þús. kr. Árið 1961 á Háskóli Íslands fimmtugsafmæli, og er lagt til að veita 150 þús. kr. til að minnast þessa merkisatburðar.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til stundakennslu við menntaskólann í Reykjavík um 80 þús. kr. og viðhald um 50 þús. kr. Er hér aðeins um leiðréttingar að ræða.

Hækka þarf fjárveitingu til stundakennslu við menntaskólann á Laugarvatni um 30 þús. kr. vegna vanáætlunar.

Skólameistari menntaskólans á Akureyri flytur nú úr íbúð sinni í skólahúsinu. Er ætlunin að nota það húsrými fyrir kennslustofur og til stækkunar á kennarastofu, en á hvoru tveggja er mikil þörf. Lagt er til að hækka fjárveitingu til viðhalds um 95 þús. kr. af þessum sökum.

Fjárveitingar í frv. til byggingar barnaskóla og gagnfræðaskóla eru miðaðar við þau framlög, sem að lögum þarf að greiða til þeirra skóla, sem eru í smiðum. Ríkissjóður hefur tekið á sig þungar kvaðir í þessu efni, sem ósýnt er, hverjum útgjöldum valda næstu árin. Taldi nefndin rétt að gæta í þetta sinn mikils hófs um samþykkt nýrra skóla, en álitur mjög nauðsynlegt, að menntamálaráðuneytið láti athuga fyrir afgreiðslu næstu fjárlaga, hvaða nýja skóla óhjákvæmilegt muni verða að byggja næstu 4—5 árin. Lagt er til að veita í nýja barnaskóla 900 þús. kr., en ekkert í nýja gagnfræðaskóla.

Lagt er til að hækka framlag til viðhalds Núpsskóla um 50 þús. kr.

Talið er nauðsynlegt að auka námskeið fyrir kennara barnaskólastigsins, og er lagt til að hækka þá fjárveitingu um 13 þús. kr.

Um 14. gr. B.

Talið er mikilvægt að hafa þjóðminjasafnið lengur opið á sumrin en nú er vegna mikillar aðsóknar erlendra ferðamanna. Er lagt til að veita 33 þús. kr. í þessu skyni.

Náttúruverndarráð hefur lagt á það mikla áherzlu að friða Grábrókargíg í Borgarfirði sem merkilegar og sérstæðar náttúrumenjar. Tekið hefur að ná samningum við eiganda landsins um friðun þess gegn 250 þús. kr. bótum, er greiðist á fimm árum, en landeigandi hefur haft allmiklar tekjur af töku byggingarefnis á staðnum.

Lagt er til að hækka styrk til Náttúrufræðifélagsins um 5 þús. kr. vegna aukins tilkostnaðar við útgáfu ársrits félagsins.

Ýmis einstök hefti útgáfubóka Bókmenntafélagsins eru uppseld, og þessi vöntun er orðin tilfinnanleg. Lagt er til að hækka styrk til félagsins um 20 þús. í því skyni að ljósprenta bækur þessar.

Íslensk læknastrétt á um þessar mundir 200 ára afmæli. Enn vantar mikið á, að sögu heilbrigðismála á Íslandi hafi verið gerð viðhlítandi skil. Er lagt til að veita 25 þús. kr. til rannsókna á sögu og þróun íslenskra heilbrigðismála eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálaráðherra.

Leitað hefur verið til nefndarinnar eftir styrk til rannsókna á íslenskum vefnaði og útgáfu bókar um það efni. Er lagt til að veita 20 þús. kr. í þessu skyni, en rétt þykir að fela þjóðminjaverði umsjá verksins.

Steindór Steindórssón náttúrufræðikennari við menntaskólann á Akureyri hefur boðið ríkinu til kaups handa skólanum mikið safn erlendra náttúrufræðirit. Er hér um vandað safn að ræða, sem skólanum er mikill fengur að eignast, og verðið hagstætt. Er lagt til að veita 30 þús. kr. til kaupa á safni þessu, og er það heildarverð safnsins.

Lagt er til að fella niður styrk, sem frv. gerir ráð fyrir til Vilmundar Jónssonar, fyrrv. landlæknis, samkvæmt eigin ósk hans.

Á næsta ári verður haldin listsýning í Reykjavík á vegum Norræna listabandalagsins. Eru sýningar þessar haldnar til skiptis á Norðurlöndunum. Er lagt til að veita 100 þús. kr. til þess að standast kostnað af sýningu þessari.

Lagt er til að veita fimm nýjum leikfélögum styrki, 8 þús. kr. hverju: Leikfélagi Suðureyrar, Leikfélagi Þingeyrar, Leikfélaginu Baldri á Hvolsvelli, Leikfélagi Hellissands og Ungmennafélaginu Dagsbrún í Hrutafirði.

Lagt er til að hækka styrk til tónlistarskóla Akraness um 10 þús. kr. og enn fremur að veita tónlistarskóla á Eyrarbakka 10 þús. kr. styrk.

Lagt er til að hækka styrk til Sambands isl. lúðrasveita um 15 þús. kr.

Lagt er til að fella niður allmarga sérstyrki til tiltekinna minningarlunda og trjagarða. Hefur reynslan ótvírætt sýnt, að þessi tilhögun styrkveitinga er óheppileg, þar eð ekkert eftirlit er með ráðstöfun fjárins. Rétt þykir að styrkja áfram þessa starfsemi, og er lagt til að veita 60 þús. kr. til minningarlunda og trjagarða, en skógræktarstjóra jafnframt falin úthlutun fjárins og eftirlit með þeim stöðum, sem styrks njóta. Er ekki ætlunin, að neinn sá aðili, sem nú nýtur styrks, verði sviptur honum, nema framkvæmdum og hirðingum staðarins sé ábótavant.

Lagt er til að veita 70 þús. kr. til greiðslu kostnaðar við gæzlu hinnar dýr-mætu listaverkagjafar Ásgríms Jónssonar listmálara til íslenska ríkisins.

Lagt er til, eftir tillögu menntamálaráðuneytisins, að veita söngvurunum Guðmundi Guðjónssyni og Sigurði Björnssyni 8 þús. kr. styrk hvorum til söngnáms. Í því sambandi vill nefndin beina þeim tilmælum til menntamálaráðuneytisins, að athugað verði við undirbúning næstu fjárlaga, hvort ekki muni framkvæmanlegt og heppilegt að taka út úr fjárlögum alla námsstyrki til tilgreindra manna, en veita heldur ákveðna upphæð í einu lagi til slíkra styrkja eftir ráðstöfun einhvers aðila, t. d. menntamálaráðs. Hefur nefndin á undanförunum árum gert nokkrar ráðstafanir í þá átt.

Um 16. gr.

Lagt er til að veita 1 millj. kr. til styrkveitinga vegna ræktunarvélakaupa ræktunarsambanda. Lagaskyldu um þetta efni var fullnægt með lokaframlagi 1958, og féllu þessi framlög niður árin 1959 og 1960. Gert er ráð fyrir, að landbúnaðar-ráðuneytið hlutist til um, að settar verði reglur um tilhögun á ráðstöfun þessa fjár.

Gert er ráð fyrir 10 þús. kr. fjárveitingu til afkvæmarannsóknastöðva sauðfjár, samkvæmt 32. gr. búfjárræktarlaga og greiðslu hálfra launa ráðunautar við Flóa-áveituna og Framræslu- og áveitufélag Ölfusinga.

Fjárveiting til sjóvarnargarða hækkar um 100 þús. kr.

Ekki má dragast lengur að vinna að ýmsum brýnum verkefnum sandgræðslunnar, sem ekki hefur verið hægt að sinna sökum fjárskorts. Er lagt til, að fjárveiting til sandgræðslunnar hækki um 500 þús. kr.

Skaftá hefur undanfarin tvö ár brotið allmikið land af svokölluðum Stjórnarsandi, og er óhjákvæmileg fyrirhleðsla í ána til að hefta frekara landbrot. Lagt er til að veita til þessara framkvæmda 40 þús. kr. styrk gegn $\frac{1}{8}$ hluta kostnaðar annars staðar að.

Lagt er til að veita Landssambandi hestamannafélaga 25 þús. kr. styrk til leiðbeininga um hestamennsku.

Í fjárlögum 1957 voru veittar 60 þús. kr. til hitaveituframkvæmda við húsmæðraskólann að Löngumýri. Framkvæmdir þessar drögust, en láðist að geyma fjárveitinguna. Er lagt til að endurveita nú þessa upphæð, þar eð framkvæmdum þessum er að verða lokið.

Smávægileg hækkun er á árgjaldi til Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Vegna skakkra upplýsinga frá hlutatryggingasjóði hefur lögboðið framlag til sjóðsins verið vanáætlað um 4 millj. kr. Stafar þessi mikla hækkun af gengisbreytingunni.

Vegna lántöku síldveiðideildar hlutatryggingasjóðs hjá hinni almennu deild sjóðsins, sbr. athugasemd við 22. gr., hækka vaxtagreiðslur af lánnum síldveiðideildar um 350 þús. kr.

Um Hjalteyri og Krossanes sjá athugasemd við 22. gr.

Lagt er til að hækka framlag til byggingar iðnskóla í Reykjavík um 100 þús. kr. og 200 þús. kr. til byggingar iðnskóla á Akureyri.

Smávægileg hækkun verður á launalið fiskideildar atvinnudeildarinnar vegna hækkunar eins starfsmanns í launaflokki.

Í lögum um atvinnudeild Háskóla Íslands er svo ákveðið, að 20% gjald það af arði happdrættis háskólans, sem greiða á ríkissjóði sem einkaleyfisgjald, skuli renna til atvinnudeildarinnar. Mun ætlunin hafa verið sú, að féð rynni til uppbyggingar atvinnudeildinni og rannsóknastarfseminni. Um nokkurra ára skeið hefur framlag þetta verið tekið í fjárlög til frádráttar fjárveitingum til atvinnudeildarinnar. Hafi tekjur af happdrættisfénu orðið meiri, mun mismunurinn hafa runnið beint í ríkissjóð. Rétt er að stefna að því að afnema þennan frádráttarlið í áföngum vegna framkvæmdaþarfar rannsóknastarfseminnar. Er lagt til, að frádráttarupphæðin lækki um 250 þús. kr. og verði 500 þús., og er þá jafnframt gengið út frá því, sem er lögum samkvæmt, að öllum tekjum af einkaleyfisgjaldinu umfram þá upphæð verði varið til þarfa atvinnudeildarinnar.

Athuganir á kísilgúr í Mývatni hafa gefið góðar vonir um, að þarna geti verið um mjög arðvænlegt fyrirtæki að ræða. Þykir rétt að leggja til að veita 100 þús. kr. til þess að ljúka þeim rannsóknum.

Í fjárlögum þessa árs er veitt nokkur fjárhæð til að styrkja merkilegar tækni-nýjungar. Er lagt til, að einnig á næsta ári verði varið nokkru fé, 125 þús. kr., í þessu skyni.

Um 17. gr.

Þar sem áformað er að lögfesta breytingar á lögum um Bjargráðasjóð Íslands, sem munu hækka verulega framlag ríkissjóðs, er lagt til að hækka þann lið um 540 þús. kr.

Mikið vantar á, að hægt hafi verið að veita þá aðstoð við vatnsveitur, sem lög gera ráð fyrir. Er lagt til að hækka þá fjárveitingu um 600 þús. kr.

Veittar hafa verið tvisvar 150 þús. kr. fjárveitingar til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum, en þar er við mikla örðugleika að stríða á þessu sviði og framkvæmdir til úrbóta hafa verið mjög kostnaðarsamar. Lagt er til að veita enn 150 þús. kr. til vatnsöflunar í Vestmannaeyjum og verði það síðasta fjárveitingin.

Í Kelduhverfi hefur fjöldi bæja átt við tilfinnanlegan vatnsskort að stríða, því að þar hefur eingöngu orðið að notast við rigningarvatn. Þessi aðstaða hefur t. d. hindrað kúabúskap, þar eð ekki hefur verið hægt að koma við kælingu mjólkur. Í sumar hefur verið reynt að bæta úr þessum aldagamla ókosti þessara jarða og lagt í kostnaðarsamar boranir. Mun boranirnar og tilheyrandi dælur kosta hátt á sjötta hundrað þúsund. Lagt er til að veita 125 þús. kr. styrk til þessara framkvæmda.

Láðst hefur í frv. í áætlun um greiðslu með börnum erlendra manna að reikna með þeirri hækkun barnalífeyris, sem varð á þessu ári. Verður því að hækka þennan lið um 700 þús. kr.

Lagt er til að hækka styrk til almennra slysavarna um 250 þús. kr. vegna mjög aukins tilkostnaðar Slysavarnafélags Íslands.

Lagt er til að veita 75 þús. kr. styrk til Tryggva Helgasonar flugmanns til þess að halda uppi sjúkraflugi með aðsetri á Akureyri.

Um allmörg ár hefur flugbjörgunarsveitin í Reykjavík haft ríkisstyrk. Nú er lagt til, að flugbjörgunarsveitin á Akureyri fái 75 þús. kr. styrk til tækjakaupa. Sveit þessi hefur mjög komið við sögu við ýmis flugslys á undanförunum árum. Hefur hana þó skort nægilegan búnað, sem hún nú hefur fengið hjá sölu nefnd varnarliðseigna, en brestur getu til að greiða nema að nokkru leyti.

Við undirbúning fjárlagafrv. voru felldir niður nokkrir byggingarstyrkir, þar eð umsóknir lágu ekki fyrir eða greinargerðir um byggingarnar. Þessir aðilar hafa allir sótt um að fá að njóta einnig nokkurs styrks á næsta ári, og að athug-uðum öllum aðstæðum leggur nefndin til, að byggingarstyrkir verði veittir Sjálfsbjörg, félagi fatlaðra á Akureyri, 75 þús. kr., Blindrafélaginu í Reykjavík 150 þús. kr., Barnaverndarfélagi Akureyrar 20 þús. kr., Sjómanna- og gestaheimili Siglu-fjarðar 75 þús. kr. og Kvenfélaginu Hlíf á Akureyri 20 þús. kr.

Um 19. gr.

Erfiðlega hefur gengið að fá sæmilega raunhæfar áætlanir um útgjöld ríkis-sjóðs á næsta ári vegna uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Er lagt til að hækka þá fjárveitingu um 7 millj. kr., eða í 12 millj. kr. Verði um meiri útflutning að ræða, ætti það að leiða til minni útgjalda við niðurgreiðslu landbúnaðarvara innanlands.

Um 20. gr.

Brýn nauðsyn er að ljúka á næsta ári vissum áföngum við nýbyggingu lands-pítalans og enn fremur ketilhúsi við Kleppsspítala. Er lagt til, að fjárveiting til byggingar ríkisspítalanna verði hækkuð um 2 millj. kr.

Húsakostur menntaskólans í Reykjavík er orðinn svo bágborinn, að ekki verður lengur skotið á frest að bæta úr honum. Nokkurt fé er geymt af fjárveitingum fyrri ára. Lagt er til að taka upp 1 millj. kr. fjárveitingu til bygginga fyrir skólann.

Vegna bruna skólahúsa á Eiðum verður að gera þar ýmsar úrbætur, svo að skólinn geti starfað. Lagt er til að veita 450 þús. til bygginga á Eiðum.

Vegna væntanlegrar löggjafar um ríkisfangelsi og vinnuhæli, þar sem ákveðið er 1 millj. kr. árlegt framlag ríkissjóðs, er óhjákvæmilegt að taka þá fjárveitingu í fjárlög.

Lagt er til að veita 200 þús. kr. til þess að ljúka lögreglustöðvarbyggingu á Keflavíkurflugvelli, sem verið hefur í smíðum að undanförunu.

Um 22. gr.

Lagt er til að heimila póst- og símamálastjórninni að selja nokkrar fasteignir, sem stofnunin hefur ekki lengur not af, og enn fremur að heimila ríkisstjórninni að selja nokkur perstsseturshús, sem ekki eru lengur notuð til þeirra þarfa.

Lagt er til að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast PL—480 vörukaupalán, og er það í samræmi við fyrri venju um þau lán.

Í fjárlög yfirstandandi árs er tekin upp fyrsta fjárveiting til þess að undirbúa stofnun eldisstöðvar fyrir lax og silung. Er hér um mjög mikið nauðsynjamál að ræða. Gert er ráð fyrir um 800 þús. kr. kostnaði við þessar framkvæmdir á næsta ári. Fjárveiting nú er hin sama og í þessa árs fjárlögum, enda eðlilegt, að slík stöð sé byggð fyrir lánsfé. Mikilvægt er, að framkvæmdir dragist ekki óeðlilega, og því þykir rétt að mæla með lánsheimild vegna byggingar eldisstöðvarinnar og enn fremur heimild til að tryggja stöðinni hentugan stað.

Vegna hins mikla aflabrests á síldveiðum s. l. sumar gat síldveiðideild hluta-tryggingasjóðs ekki staðið undir greiðslu bóta af eigin fé, heldur varð að auki að fá 4 millj. kr. lán hjá hinni almennu deild sjóðsins. Er lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að ábyrgjast lán þetta og enn fremur að ríkissjóður taki á sig vaxtagreiðslur af láninu. Er þetta í samræmi við hliðstæðar ráðstafanir áður.

Í fjárlögum yfirstandandi árs var ríkisstjórninni veitt heimild til þess að ábyrgjast fyrir síldarverksmiðjurnar í Krossanesi og á Hjalteyri allt að 500 þús. kr. lán vegna leigu á skipum til síldarflutninga af fjarlægum síldarmiðum. Þessar tilraunir tókust mjög vel, þannig að fullsannað er, að auðvelt er að koma við slíkum flutningum. Hins vegar hvarf síldin, skömmu eftir að flutningarnir hófust, þannig að þessi tilraun varð verksmiðjunum þungur baggi, enda síldin, sem flutt var, keypt fullu verði. Sanngjarnt þykir að veita verksmiðjum þessum 500 þús. kr. styrk vegna þessarar tilraunar, sem getur haft mikla þýðingu, ef um mikla síldveiði er að ræða. Lagt er jafnframt til að veita verksmiðjunum aftur ríkisábyrgð, en með því fororði, að ekki getur aftur orðið um styrkveitingu að ræða í þessu sambandi.

Lagt er til að endurnýja ábyrgðarheimild fyrir skipasmíðastöðina Dröfn í Hafnarfirði, sem ekki hefur enn verið notuð, og enn fremur að veita Dráttarbraut Keflavíkur ríkisábyrgð fyrir allt að 3 millj. kr. láni vegna stækkunar og endurbyggingar á dráttarbraut. Að sjálfsögðu er til þess ætlazt, að nægilegar tryggingar séu settar, þannig að engin hætta sé á, að ábyrgðin falli á ríkissjóð.

Tekjur.

Þar sem ekki verður nú farið inn á þá braut að leggja á nýja skatta eða tolla, má útgjaldahækkun fjárlaga ekki verða meiri en svo, að núverandi tekjustofnar ríkissjóðs nægi til þess, að fjárlög verði greiðsluhallalaus.

Enn eru mörg atriði óljós í sambandi við áhrif efnahagsaðgerðanna á tekjur ríkissjóðs. Hefur við athugun á tekjuhorfum verið stuðzt við reynslu þessa árs til 1. nóv. og sennilegar horfur um innflutning síðustu tvo mánuði ársins. Á grundvelli þessara áætlana hefur verið reynt að gera sér hugmyndir um innflutning á næsta ári og þá einnig með hliðsjón af líklegum gjaldeyristekjum á því ári. Hefur efnahagsmálaráðuneytið gert um þetta ýtarlegar áætlanir, sem meiri hl. nefndarinnar hefur stuðzt við.

Meiri hl. n. er ljóst, að hann teflir á mjög tæpt vað í tekjuáætlun sinni, því að á ýmsum liðum eru tekjur áætlaðar hærri en greiðslujafnaðaráætlunin gerir ráð fyrir. Sýnist veruleg hætta á, að tekjuáætlunin fái ekki staðizt, nema innflutningur verði nokkru meiri en innflutningsáætlunin gerir ráð fyrir og tekjur af ríkisstofnunum verði drýgri en líkur benda nú til.

Tekjuáætlun meiri hl. n. er svo há, að ekkert er áætlað fyrir umframgreiðslum, og verður því að halda þeim mjög í skefjum, svo sem gert hefur verið á þessu ári.

Tillögur meiri hl. n. um hækkun tekjuliða eru þessar: Verðtollur hækki um 9.4 millj., söluskattur af innflutningi, 7.7%, hækki um 8.5 millj., ýmsar tekjur hækki um 4.9 millj., innflutningsgjald hækki um 10 millj. og leyfisgjöld um 3 millj. Verður þá hækkun tekjuáætlunarinnar alls 35.8 millj. kr.

Verði allar hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar samþykktar og enn fremur tillögur meiri hl. n. um tekjubálg frv., mun niðurstaða á sjóðsyfirliti verða þessi:

Hækkun gjalda	kr. 34387532
÷ Lækkun gjalda	— 202588
	<hr/>
Hækkun gjalda alls	kr. 34184944

Hækkun tekna	kr. 35800000
+ Greiðsluafg. í frv.	— 816741
	<hr/>
Tekjuauki alls	kr. 36616741

Niðurstöðutölur:

Inn	kr. 1588668000
Út	— 1586236203
	<hr/>
Greiðsluafgangur	kr. 2431797

Enn eru nokkur mál óafgreidd hjá nefndinni, auk endurskoðunar á 18. gr. frv., sem að venju bíður 3. umr. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga.

Alþingi, 2. des. 1960.

Magnús Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðlaugur Gíslason.
Jón Árnason.	Jónas G. Rafnar.	